



## **Samtakahópurinn 24. september 2019 kl 14.00**

**Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesebæjar, Tjarnargötu 12.**

**Mætt: Aníta Engley, Hólmfríður Karlsdóttir, Heiðrún Huld, Anna Taylor, Guðmunda María, Svava Ósk Stefánsdóttir, Sigrún Björgvinsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Aron Freyr Kristjánsson og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.**

\*\*\*

### **Fundargerð**

#### **1. Kynning á dagskrá heilsu- og forvarnaviku Suðurnesja.**

*Íþróttá- og tómstundafulltrúi sagði frá helstu viðburðum og að þema vikunnar í Reykjanesebæ er a.m.k. 8 tíma svefn.*

#### **2. Kynning á markaðsvæðingu rafretta og kannabis.**

*Íþróttá- og tómstundafulltrúi sagði frá fundi sem að hann sótti á vegum Rannsóknar og Greiningar þann 13. september sl. en þar var kynnt hvernig markaðsvæðing á sér stað um rafrettur og kannabis. Umræður um hvað virkar í forvörnum og hvað virkar ekki. Grunnskólunum stendur til boða að fá fræðslu um skaðsemi rafretta og kannabis frá Krissa og Heiðrúnu.*

### **3. Ljósanótt**

*Umræður um unglíngadrykkju. Farið yfir hvað gekk vel og hvað gekk illa. Ljóst er að samkvæmt rannsóknum hafa samverustundir foreldra og ungmenna minnkað. Aníta Engley frá FFGÍR mun fylgja málinu eftir. Vert er að minna á fræðslufund sem fer fram 2. október kl 17.15 þar sem Margrét Lilja frá Rannsóknum og Greiningu þar sem kynntar verða niðurstöður rannsókna á ungmennum í Reykjanesbæ.*

### **4. Myndbandsupptökur**

*Kristján Freyr sagði frá því að nokkuð bæri á að ungmenni væru í slagsmálum og að þau væru tekin upp – Samtakahópurinn hvetur foreldra til að taka samtali við ungmennin. Grunnskólunum stendur til boða að fá Krissa og Heiðrúnu til að ræða líka þessi mál.*

### **5. Salir til útleigu á Suðurnesjum.**

*Samtakahópurinn skorar á þá sem að sjá um slíka sali að leigja þá aldrei út til ólögráða ungmenna.*

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.30 – næsti fundur fer fram 22.október kl. 14.00*